



Mynd 1.1.: Deiliskipulagstillaga – ný sýn fyrir miðbæ Akureyrar

Nýr miðbær á Akureyri - tillaga að deiliskipulagi

Einkenni byggðar

Einstök staðsetning bæjarstæðis Akureyrar er eitt mikilvægasta og sérstæðasta sérkenni hans ásamt þeirri sögulegu fjölbreytni sem fólgin er í byggingarlistasögu bæjarins. Nýjar byggingar standa við hlið gamalla, stórar við hlið lítilla með fjölbreyttan byggingarstíl og yfirbragð. Fyrir vikið er umhverfið auðugt, fjölbreytt, mannlegt og áhugavert.

Tílfraunir hafa verið gerðar til að stýra og samræma uppbyggingu í miðbænum allt frá fyrsta opinbera aðalskipulaginu frá 1927. Þó byggingar frá þeim tíma setji vissulega svip á bæinn og séu mikilvægar í sögulegu samhengi þá er jafnframt mjög mikilvægt að styðja við og styrkja þá fjölbreytni sem gerir Akureyri að einstökum bæ.

Hlúa þarf að sögulegum byggingum og sérkennum þeirra, um leið og miðbærinn þarf að halda áfram að dafna og þróast í takt við þarfar samtímans. Af þessum sökum er hvorki viðeigandi né raunhæft að reisa nýjar byggingar í sama stíl og þær gömlu. Þær þurfa engu að síður að falla að heildarmynd miðbæjarins, bæði hvað varðar stærð, yfirbragð og þéttleika. Breytingum eða færslu á byggingum sem fyrir eru verður haldið í lágmarki. Það er gert til að tryggja heildaryfirbragð miðbæjarins og til að auðveldara sé að framfylgja skipulagstillögunni.

Stærð og þéttleiki húsa

Akureyri hefur alla tíð einkenst af fremur lágrestri byggð og þau einkenni verða áfram stór hluti af imynd og sérkennum bæjarins. Þetta verður gert með því að takmarka hæð nýrra bygginga og nýta betur miðbæjarsvæðið. Markmiðið er að virða núverandi stærðarhlutföll bygginga en þetta jafnframt byggðina. Þannig má auka gæði miðbæjarins og gera hann lífvænlegri.

Húsagerðir

Á undanfórum árum hefur uppbygging miðbæjarins verið á undanhaldi og honum hnignað. Til að skapa þar hlýlegt og aðlaðandi umhverfi er nauðsynlegt að búa til umgjörð fyrir fjölbreytt samfélag, fyrir fólk sem þar getur starfað, búið eða notið lífsins.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir auknum fjölda og fjölbreytileika íbúða og atvinnuhúsnæðis. Þannig verði stuðlað að fjölbreyttu og blönduðu samfélagi íbúa og atvinnustarfsemi. Íbúðarhúsnæði er því í nær öllum nýjum byggingum, í bland við verslun- og þjónustu. Þannig munu íbúar og starfsfólk miðbæjarins styrkja hann félagslega og efnahagslega. Rými sem þjóna bæði fyrirtækjum og almenningi munu ýta undir stofnun nýrra vinnustaða og nýrrar þjónustu, bæði fyrir íbúa miðbæjarins og aðra bæjarbúa. Gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæðum nýrra bygginga til að skapa lífandi götummynd og mannlíf allan daginn.

Ný kennileiti við ströndina og Pollinn

Staðsetning Akureyrar við Pollinn, fjölbreytnin í landslaginu og útsýnið yfir fjörðinn eru lykilatriði fyrir gesti og gangandi. Sterk tenging miðbæjarins við sjóinn mun verða eitt hans helsta aðdráttarafl og sérkenni í framtíðaruppbyggingu og endurnýjun, um leið og hvers konar afþreying og ferðaþjónusta mun gegna æ mikilvægara hlutverki.

Bygging menningarhússins Hofs er mikilvægt fyrsta skref í þá átt að endurheimta tengsl miðbæjarins við sjávarsíðuna og Pollinn.

Skipulagstillögunar miða að því að tengja enn frekar saman Hof, Pollinn og miðbæinn - gera að einni heild. Það verður gert með því að breyta Glærargötu í aðlaðandi og örugga bæjargötu fyrir gangandi vegfarendur, með byggingu sikis úr Bótinni inn í miðbæinn og með því að reisa nýjar byggingar við ströndina. Þannig er ætlunin að glæða miðbæinn lífi um leið og gömlu tengslin við Pollinn eru endurvakin.



Mynd 1.2.: Yfirlitsmynd af nýjum miðbæ Akureyrar



Mynd 2.1: Síkið sem tengja mun Ráðhústorg og Hafnarstræti við Pollinn

Síkið

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýrri tengingu sem brýtur upp miðbæinn og snýr honum í austur-vestur. Sjóninn er dreginn inn í bæinn með síki sem mun liggja frá Bötinni að Skipagötu og tengjast áfram þaðan að gamla Apótekinu með tjörn eða vatnasvæði. Braunshús verður flutt og þannig myndast göngutenging að Hafnarstræti og Skátagliinu. Með því að draga sjóinn inn að hjarta bæjarins, mun hann tengja Ráðhústorg og Hafnarstræti við Pollinn. Þessi framkvæmd er lykilatriði í því að endurlífta miðbæinn og verður ómissandi þáttur við sköpun nýrrar og sérstæðrar myndar hans.

Við síkið myndast aðlaðandi og eftirsótt svæði fyrir gangandi vegfarendur. Síkið liggur í sömu stefnu og Skátagil og verður þannig í skjóli fyrir ríkjandi vindáttum. Við það myndast skjólsælr og sólríkir staðir beggja vegna þess fyrir kaffihús, veitingastaði og aðra þjónustu. Síkisvæðið mun laða að íbúa og ferðamenn og skapa lífandi götulíf og afþreyingu. Ferðamannatíminn mun lengjast með þessum nýja áfangastað fyrir gesti Akureyrar.

Mynd 2.3: Göngusvæði norðan síkis




Sjálfbærni

Sjálfbær þróun felst m.a. í því að fara vel með auðlindir og nýta vel innviði samfélagsins. Um leið þarf að samþætta hina margbrotnu hagsmuni þess, þá félagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu, þannig að samfélaginu og lífsgæðum okkar sé viðhaldið til langs tíma. Þetta á jafnt við hnattrænt og um nærumhverfi okkar í þeim bæjum sem við byggjum.

Lífvænleiki og styrkur miðbæjarins veltur að miklu leyti á þeim tækifærum sem þar verða sköpuð fyrir fjárfestingar og framþróun. Þörf er fyrir íbúðarhúsnæði og fjölbreytt rými verslunar og þjónustu. Þar á meðal stærri verslunareiningar sem geta verið mótvægi við Glerártorg og hvetja athafnafólk til að stunda í miðbænum þau viðskipti og þá þjónustu sem þar á best heima.


Með því að blanda hæfilega saman íbúðum, atvinnustarfsemi og afþreyingu verður til samfélag sem er félagslega og efnahagslega sjálfbært. Þannig verður miðbærinn öflugur og sveigjanlegur kjarni sem myndar varanleg verðmæti fyrir komandi kynslóðir.

Mynd 2.4: Sjálfbærni



Það er jafnframt mikilvægt að hafa í huga hefðbundnari áherslur sjálfbærni. Þá þætti sem snúa að umhverfi og auðlindum, gæðum þeirra og varðveislu. Aukinn þéttleiki byggðar í miðbænum mun leiða til betri nýtingar á innviðum og auðlindum en ella. Hann dregur úr þörf fyrir einkabílinn sem samgöngumáta sem mun verða sífellt mikilvægara viðfangsefni eftir því sem bærinn stækkar. Leiðbeiningar í deiliskipulaginu munu hvetja til meðvitaðrar og ábyrgrar notkunar auðlinda, hvað varðar hönnun, byggingu og orkunotkun þeirra. Deiliskipulagið segir einnig fyrir um staðsetningu og legu bygginga.

Mynd 2.5: Þversnið af síkinu, þar sem sólrík og skjólgóð svæði verða beggja vegna



Veðurfar

Veðurfar á Akureyri getur á stundum verið hressandi en napurt. Í hönnunarskilmálum fyrir nýjar byggingar og opin rými í miðbænum er gott tillit tekið til veðurfarsins.

Skjól

Aðalgötur miðbæjarins, þar á meðal Hafnarstræti, Skipagata og Glerárgata, liggja frá suðri til norðurs og eru þar af leiðandi berskjaldaðar fyrir ríkjandi vindum. Þessi staða gerir miðbæinn óaðlaðandi fyrir gangandi vegfarendur þegar eitthvað er að veðri.

Síkið og nýjar gönguleiðir sem liggja frá vestri til austurs, koma á beinum tengingum við ströndina og Pollinn. Jafnframt verður til kærkomið skjól frá ríkjandi vindum og þægilegra umhverfi fyrir gesti og gangandi. Sund og húsaгарðar með blandaðri þjónustu munu einnig veita vörn gegn verstu veðrum og mynda skjólsæl rými.

Dagsbirta

Náttúruleg dagsbirta og sér í lagi sólskin eru okkur mikils virði, sérstaklega utan sumarmánaða. Þess vegna þarf að hafa hliðsjón af dagsbirtunni við hönnun hins manngerða umhverfis.

Hæð og lögun bygginga er vandlega stýrt til að skuggar verði sem minnstir og sólarljóss njóti sem best, bæði við nýjar og núverandi byggingar og helstu opin svæði.

Göngusvæði við Hafnarstræti, Ráðhústorg og önnur lykilsvæði verða einkum á stöðum þar sem mest s ólarljóss nýtur. Bílastæði og aksturssvæði verða hins vegar á skuggasvæðum eftir því sem kostur er.

Íbúar nýrra íbúða munu hafa aðgang að afmörkuðum „vetrargörðum“, skjólsælum og sólríkum rýmum, til að lengja tímann sem nýta má til útiveru.

Mynd 2.6: Nýhöfn í Kaupmannahöfn - dæmi um vel heppnað umhverfi í tengslum við vatn





Mynd 3.1: Nýtt torg við Glerárgötu

Almenningsrými

Lykilpáttur í skipulagstillögunni er endurgerð núverandi almenningsrýma í miðbænum og gerð nýrra, en orðið almenningsrými er hér notað sem samheiti yfir svæði á milli bygginga sem ætluð eru almenningi. Einkabíllinn er ráðandi afli í miðbænum í dag og hefur áhrif á allt yfirbragð hans. Við breytingarnar verður til aðlaðandi umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Það gerist með því að bæta og fjölga almenningsrýmum svipuðum þeim sem fyrir eru í Hafnarstræti og á Ráðhústorgi. Jafnframt verður aðkoma bífreida og aðgengi að bílastæðum bætt. Leiðbeiningar verða gerðar um notkun yfirborðsefna, gróðurs, lýsingar og val á bekkjum, ruslafötum og fleiru til að tryggja samræmt yfirbragð og endingargott, notendavænt og aðlaðandi umhverfi. Bílastæði verða felld að byggðinni til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á götumynd og opin rými en þó þannig að þau veiti greiðan aðgang að verslunum og þjónustu.



Mynd 3.3: Yfirborðsefni gatna og gönguleiða verða samræmd



Listaverk á almenningssvæðum

Akureyri er þekkt fyrir ríkan sköpunarmátt, menningu og listir. Lagt er til að listaverk gegni lykilhlutverki í enduruppbyggingu miðbæjarins og gert er ráð fyrir listaverkum, bæði í nýjum byggingum og við endurbætur á opnum rýmum. Slík listsköpun er mjög sýnileg og getur ein og sér verið vísbending um þá endurnýjun og þann kraft sem að baki liggur. Hún mun því enn frekar hvetja til endurbyggingar miðbæjarins. Aukið hlutverk listar í miðbænum mun einnig höfða til stærri hóps fólks og vekja áhuga á lista-, menningar- og ferðamannabænum Akureyri.

Lýsing

Norðlæg lega Akureyrar er nýtt með sínum miklu árstíðarsveiflum. Það er gert með því að setja upp sérstaka lýsingu á tilteknum svæðum. Lýsingu sem dregur dóm af norðurljósunum og heldur á lofti sérkennum bæjarins sem „heilsárs –áfangastaðar.“ Þannig er stuðlað að auknu mannlífi utandyra yfir vetrinn. Fyrirkomulag lýsingarinnar verður einnig tengt stefnumótun um útlitaverk í miðbænum.



Mynd 3.4: Lýsing verður notuð til að draga fram sérkenni Akureyrar



Gróður

Hvatt er til markvissrar notkunar gróðurs í almenningsrýmum, sérstaklega á Ráðhústorgi, meðfram síkinu og við Pollinn. Samráð hefur verið haft við Lystigardinn varðandi val á trjategundum og öðrum gróðri sem best er talinn henta á Akureyri og er einkennandi fyrir bæinn. Aðallega verða notaðar íslenskar tegundir auk nokkurra annarra sem henta vel aðstæðum og munu draga fram staðbundna sérstöðu.



Mynd 3.5: Markviss notkun gróðurs í almenningsrýmum



Mynd 3.2: Hin nýja Tortunetsbryggja – horft til vesturs



Mynd 3.6: Nýtt Ráðhústorg með grænu ívali




Samgöngur og aðgengi

Öflugur miðbær byggn á göðu aðgengi, hvort sem er fyrir daginn, hjólandi eða akandi vegfarendur og þá sem ferðast um með strætvisgöngu. Í dag er vel séð fyrir þótt þú sést þá sem ferðast þar um á bíl á kostnað annarra, einkum fótgöngumanna og hjólfóðrafólks. Skipulagshugmyndirnar miða að því að koma á jafnvægi milli ólíkra samgöngumáta með því að mæta þórfyrni þeirra allra, þó þannig að dregið verði úr þórfyrni þórfyrni notkun einkabíls.

Hámarkshraði í miðbænum verður takmarkaður við 30 km/klst og gangbrautir verða bættar til skapa öruggara og vistlegra umhverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Núverandi vegakerfi tengir miðbæinn vel við aðliggjandi hverfi og á því verða engar grundvallarbreytingar.



Mynd 4.2: Þversnið af síki og göngurýmum


Bílastæði

Í miðbænum eru nú tölmörgu bílastæði eða upb. 1050 og íbúar og gestir vinna því að ganga að bílastæðum í miðbænum sem visum. Eftir því sem bærinn stækkar og eftirspurn eftir bílastæðum eykst verður óhjákvæmilega torveldara að aka um hann. Þó svo hvat verði til notkunar annarra samgöngutæna en einkabílsins, er nokkuð ljóst að billinn verður áfram meginferðamatísta flegla í náinni framtíð. Á þessum sökum hefur talsverð vinna verið lögð í að tryggja að bílastæði í miðbænum verði álíka mörg, án þess að gæði miðbæjarinnis ryrni.

Núverandi bílastæði milli Glerárögðu og Skipagötu verða flutt til þess að rýma fyrir uppbyggingu. Nýjum bílastæðum verður komið fyrir bæði meðfram götum og á ónýttum svæðum í miðbænum og í jaðri hans t.d. með byggingu bílastæðahúss.



Mynd 4.7: Bílastæðakjallarar verða undir öllum nýjum byggingum



Mynd 4.3: Þversnið af Glerárgötu og dæmi um yfirborðsefni

Strætisvagnar

Vonast er til að notkun strætisvagna aukist umtalsvert eftir því sem þjónusta þeirra verður bætt. Til að stöðja við þá þróun verður komið fyrir nýrri aðstöðu fyrir strætisvagna samhliða uppbyggingu við Strandgötu, nálægt þeim stað þar sem núverandi skiptistöð strætisvagna er.

Leigubílar


Til þess að losa mikilvæg uppbyggingarsvæði í miðbænum verður núverandi aðstaða leigubíla við Hofsbót færð á hentugan stað við Glerárgötu, skammt norðar en hún er nú. Jafnframt verða stæði fyrir leigubíla í miðbænum.

Reiðhjól

Net hjólreiðastíga mun tengja miðbæinn vel við aðliggjandi byggð. Væntanlega hvetur það til aukinnar notkunar reiðhjóla og þar af leiðandi heilbrigðari og umhverfisvænni lífsstíls. Nýju reiðhjólástígarnir falla vel að miðbæjarskipulaginu, þar sem



Mynd 4.8: Hjólandi vegfarendur eiga greiða leið um miðbæinn



Mynd 4.4: Þversnið af Hafnarstræti og dæmi um yfirborðsefn

einnig verða góð reiðhjólastæði og reiðhjólaskýli fyrir almenning. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðhjólastæðum í öllum nýjum byggingum.

Fótgangandi vegfarendur

Núverandi net göngusúgla er að mörgu leyti mjög gott en það er þó ekki alltaf aðlaðandi fyrir fátökandi vefgjafendur. Á miðbæjarsvæðinu eru yfir hringaðar umtalverðar breytingar á helstu almenningssýrum og götum, meðal annars með nýjum sameiginlegum svæðum fyrir akandi, gangandi og hjólandi vefgjafendur. Þær breytingar bæta mjög umhverfi fátökandi vefgjafenda. Þessar breytingar verða að öllum líkindum gerðar samhliða annarri uppbyggingu í miðbænum.

Aðlaðandi göngu- og reiðhjólastígar munu liggja meðfram sjónum og tengjast öðrum megingönguleiðum í bænum. Þetta leiðir væntanlega til fjölgunar fótgangandi vegfarenda.

